

REGLUGERÐ

um mörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár.

1. gr.

Búfjármörk.

- 1.1. Búfjármörk eru; eyrnamörk, brennimörk, frostmerkingar og plötumerki í eyra. Hver búfjáreigandi er skyldur að hafa glögg eyrnamark á búfé sínu. Lömb skulu eyrnamörkuð, þau er til næst fyrir lok tólfu viku sumars. Skylt er hverjum fjáreiganda að hafa sveitarfélagsnúmer á fé sínu, brennimark á hyrndu fé eða plötu í eyra. Þó má í fjallskilasamþykkt veita undanþágur frá þessu ákvæði þar sem fjársamgöngur eru litlar og fé er ekki rekið til afréttar.
- 1.2. Í fjallskilasamþykkt er heimilt að setja sérákvæði um mörk og skil á stórgripum. Stórgripamörk skal prenta sér í markaskrá, nema stjórn fjallskilaumdæmis ákveði annað. Séu stórgripamörk prentuð sér, skal bæta þeim aftan við sauðfjármörkin í aðalmarkaskrá eða gefa þau út í sérstakri stórgripamarkaskrá, þyki það henta. Noti maður sama mark á sauðfé og stórgripi skal það prentað í báðum skránum. Auðkenna skal í stórgripamarkaskrá þau stórgripamörk, sem aðeins eru notuð á nautgripi og þau sem einnig eru notuð á sauðfé. Óheimilt er að nota á sauðfé stórgripamörk, sem ekki eru prentuð í sauðfjármarkaskrá. Stjórn fjallskilaumdæmis skal, í samráði við markavörð, setja reglur um takmarkanir á sammerkingum stórgripa og samræma þær eftir þörfum við nágrannasýslur.
- 1.3. Óheimilt er að taka upp mörkin „gat“ og „netnál“ á sauðfé og „sprett í nös“ á búfé. Eftir prentun markaskráa 1988 er óheimilt að lýsa „gati eða netnál“ sem marki á lömbum. Í hverri fjallskilasamþykkt skal tilgreina hvers konar mörk sé óheimilt að taka upp eða nota. Í markaskrá skal skýra með myndum öll þau mörk sem heimilt er að nota.
- 1.4. Markaverðir skulu vinna sem rækilegast að því að núverandi eigendur leggi niður mörk, sem nú eru í markaskrá, en eru af annarri gerð en mörk, sem heimilt er að taka upp samkvæmt ákvæðum fjallskilasamþykktu og reglugerðar þessarar. Óheimilt er að prenta þau mörk í markaskrá umdæmisins eftir að núverandi eigendur þeirra hætta að eiga búfé. Markaverðir skulu vinna að því að mark-eigendur leggi niður varasamar námerkingar og leiðbeina um mörk og marklag.

2. gr.

Eyrnamörk.

- 2.1. Eyrnamörk skulu bera sömu heiti í öllum fjallskilaumdæmum. Heiti þeirra eru í stafrófsröð sem hér segir, en stjarna við númer marksins í eftirfarandi myndskrá tákna að unnið skuli gegn notkun þess framvegis:



1. Alheilt



2. Andfjaðrað



3. Biti



4.*Blaðrifað



5. Blaðstýft



6.*Boðbíldur



7. Bragð



8. Fjöður



9. Gagnbitað



10. Gagnfjaðrað



11. Gagnhangfjaðrað



12. Gagnhófbítað



13.*Gagnlaggað



14. Gagnstigað



15.*Geirskorið



16.*Geirstúfrifað



17.*Geirstýft



18.*Geirsýlt



19.*Hamarrifað



20. Hamrað



21. Hangfjöður



22. Hálf taf



23. Heilgeirað



24. Heilhamrað



25. Heilrifað



26. Hófbiti



27. Hvatrifað



28. Hvatt



29. *Laufað



30. Lögg



31. Miðhlutað



32. *Miðhlutað í sneitt



33. Miðhlutað í stúf



34. Oddfjaðrað



35. *Sneiðhamrað



36. Sneiðrifað



37. Sneitt



38. *Sneitt í hálf taf



39. Stig



40. Stúfrifað



41. *Stúfrifað í hálf taf



42. Stýft



43. Stýfthálftaf



44. *Sýlhamrað



45. *Sýlrifað



46. Sýlt



47. *Sýlt í blaðstýft



48. Sýlt í hálf taf



49. *Sýlt í stúf



50. Tvíbitað



51. Tvífjakrað



52. *Tvígagnbitað



53. *Tvígagnfjakrað



54. *Tvígagnhangfjakrað



55. *Tvígagnhófbitað



56. *Tvígagnstigað



57. Tvíhangfjakrað



58. *Tvínumið



59. Tvírifað í heilt



60. *Tvírifað í hvatt



61. Tvírifað í sneitt



62. Tvírifað í stúf



63. Tvístigað



64. Tvístýft



65. *Tvísýlt í stúf



66. *Vaglbíti



67. *Vagrifað



68. *Vaglskora



69. *Prífjakrað



70. *Prístigað



71. *Prístýft

3. gr.

Plötumerki.


- 3.1. Plötumerki í eyra skal áletra, afhenda og nota í samræmi við litarkort og bæjarnúmer í markaskrá.
- 3.2. Litarkerkja skal allt sauðfé eftir varnarsvæðum, eins og þau eru tilgreind í viðauka I við reglugerð þessa og er óheimilt að litarkerkja búfé svo varanlegt sé nema samkvæmt ákvæðum hans. Þó getur sauðfjársjúkdómanefnd ákveðið aðra merkingu á sauðfé og nautgripum, ef nauðsyn krefur vegna sjúkdómavarna. Búfé á Tilraunastöð Háskólans í meinafræði á Keldum og búfé sem tekið er frá vegna rannsókna eða gruns um sjúkdóma, má merkja með rauðum lit, hvar sem er á landinu, en þann lit má annars hvergi nota til að auðkenna búfé.
- 3.3. Á plötumerkjum búfjár skal skrá númer skepnunnar, bæjar og sveitarfélags, auk sýslutákns. Í markaskrá skal birta skrá yfir númer bæja í hverju sveitarfélagi og litarkort sem sýnir svæðaskiptingu merkilita, sbr. viðauka II. Nota ber gerð plötumerkja, sem sauðfjársjúkdómanefnd samþykkir.

4. gr.


Frostmerkingar stórgripa.




- 4.1. Búnaðarfélag Íslands skal annast frostmerkingu stórgripa og heldur tölvuskra um allar frostmerkingar sem gerðar eru. Eitt og sama merkjakerfið skal nota fyrir öll hross í landinu, en heimilt er að nota annað kerfi fyrir nautgripi. Eftirfarandi merkjakerfi, sem lýst er í mynd I og II, skal nota við frostmerkingu hrossa:

Mynd I



Mynd II



- 4.1.1. Frostmerki hrossa er samsett úr átta táknum, sem gerð eru úr réttum hornum og samsíða línunum, sbr. mynd I. Táknin merkja tölustafina frá 0—9, sbr. mynd II. Merkið er þannig byggt upp, að fremst er  sem táknar að hrossið er kynhreint og íslenskt. Þá koma tvö tákn, hvort upp af öðru, sem merkja síðustu tvo tölustafi í fæðingarári, en þriðja tákn merkir kyn hrossins þar sem  táknar hest og  táknar hryssu. Þá koma tvö tákn fyrir fæðingarhárað og loks þrjú tákn fyrir skrásetningu númer.
- 4.2. Hross skal frostmerkja á háls en nautgrip aftan á læri eða lend. Að lokinni frostmerkingu skal fulltrúi Búnaðarfélags Íslands gefa út upprunavottorð til eiganda með upplýsingum um gripinn og afþrengingunni af frostmerkinu og öðrum atriðum sem þurfa þykir.

- 4.3. Við eigendaskipti skal upprunavottorð fylgja gripnum og skal hinn nýi eigandi tilkynna eigendaskiptin til Búnaðarfélags Íslands.
- 4.4. Óheimilt er að slátra frostmerktu hrossi nema upprunavottorði sé framvísað og staðfestingu Búnaðarfélags Íslands um hver sé skráður eigandi frostmarksins.
- 4.5. Skylt er eigendum að láta frostmerkja þá stórgripi sem ganga utan afgirtra svæða.

5. gr.

Markeigandi.

- 5.1. Markeigandi skal skrásettur í markaskrá á þeim bæ, þar sem hann heldur búfé. Heimilt er að skrá markeiganda í þéttbýli á lögheimili hans.
- 5.2. Flytjist markeigandi búferlum, skal hann leita álits og samþykkis markavardar, hvort hann þurfi að breyta um mark vegna sammerkinga. Sama á við um búfé sem markeigandi kaupir. Óheimilt er að nota sama mark á fé í tveimur eða fleiri varnarhólfum. Flytjist markeigandi á annað fjársamgöngusvæði, þar sem hann má ekki nota fjármark sitt vegna sammerkingar, skal markið fylgja lögbyli því eða svæði, sem hann flutti frá.

6. gr.

Eigendaskipti að mörkum.

- 6.1. Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark og selja, enda sé gerð marksins í samræmi við reglur fjallskilaumdæmisins. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark, enda hafi enginn markeigandi á því svæði, sem reglugerð þessi bannar sammerkingar á, sama mark eða svo líkt að hætta sé á misdrætti að dómi markavardar.
- 6.2. Eigendaskipti að marki milli útgáfu markaskráa skulu tilkynnt markaverði, er birtir um það tilkynningu í Lögbirtingablaði á kostnað hins nýja eiganda. Afrit tilkynningar skal senda Búnaðarfélagi Íslands. Sama gildir ef maður flyst á milli fjallskilaumdæma eða varnarhólfa, eða tekur upp nýtt mark. Geri markavörður ekki athugasemd við markið, að höfðu samráði við hlutadeigandi markaverði, skal hann þegar senda tilkynningu um það til birtingar í Lögbirtingablaði. Markaverðir á viðkomandi svæðum skulu færa skrá yfir slík mörk og eigendur þeirra. Aðeins markavörðum er heimilt að auglýsa mörk í Lögbirtingablaði. Mark auglýst án samþykkis markavardar er ógilt.
- 6.3. Þau mörk sem óheimil eru samkvæmt reglugerð þessari eða fjallskilasamþykkt mega ekki ganga að erfðum, sölu eða að gjöf. Við kaup og sölu búfjár skal afmá staðarnúmer fyrri eiganda. Jafnframt er heimilt að marka upp eða breyta cynamarki.

7. gr.

Skráning og niðurfelling marka.

- 7.1. Skylt er markeiganda að tilkynna markaverði mark sitt til skráningar í markaskrá fjallskilaumdæmis og greiða fyrir það gjald sem stjórn þess ákveður. Skal það gert innan tiltekens frests sem markavörður auglýsir, m.a. í Lögbirtingablaði. Við móttöku nýrra marka skal skrá móttökudag.
- 7.2. Vilji einhver taka upp nýtt mark milli þess er markaskrá er gefin út, skal hann tilkynna það markaverði. Geri markavörður ekki athugasemd við markið, að höfðu samráði við markaverði aðliggjandi fjallskilaumdæma, skal hann þegar senda tilkynningu um það til birtingar í Lögbirtingablaði. Afrit tilkynningar sendist Búnaðarfélagi Íslands, sem skráir markið í tölvu, þegar markið hefur birst í Lögbirtingablaðinu.

- 7.3. Mark sem hvorki er skráð í gildandi markaskrá né hefur verið auglýst í Lögbirtingablaði eftir útgáfu síðustu markaskrár eða í viðbæti við markaskrá umdæmisins, skal talið niður fallið og er þá öðrum heimilt að taka það upp. Fyrri eigandi eða erfingi hans á þó forgangsrétt til marksins, ef hann tekur það upp innan átta ára frá útgáfu síðustu markaskrár og heldur það þá aldursrétti sínum.

8. gr.

Markaskrár.

- 8.1. Stjórn hvers fjallskilaumdæmis skal sjá um útgáfu á markaskrá fyrir umdæmið. Skal senda sýslumönnum, markavörðum, markanefnd, hreppstjórum og sláturhúsum á hugsanlegum samgöngusvæðum búfjár eintak markaskrárinnar en Búnaðarfélagi Íslands og sauðfjársjúkdómanefnd tvö eintök.
- 8.2. Stjórnir fjallskilaumdæma geta sameinast um útgáfu markaskrár, þar sem það þykir henta. Semja má um útgáfu marka úr hluta sýslu í annarri skrá, ef sérstök landfræðileg ástæða er til þess, og að fengnu samþykki sauðfjársjúkdómanefndar. Skulu þá öll búfjármörk á viðkomandi svæði birt í þeirri skrá. Einstaka búfjáreigendum er þó heimilt að fá mark sitt birt í nágrannaskrá.
- 8.3. Markaskrár skulu gefnar út samtímis um land allt og eigi sjaldnar en áttunda hvert ár. Skulu markaskrár næst gefnar út 1988. Stjórn fjallskilaumdæmis felur ákveðnum manni, markaverði, söfnun og umsjón með mörkum, svo og gerð og útgáfu markaskrár. Skal sem mest samræmi haft í gerð markaskráa um land allt og fylgt í því efni ákvæðum reglugerðar þessarar.
- 8.4. Búnaðarfélag Íslands skráir öll mörk í landinu í tölvu og skal því verki lokið í árslok 1987. Við útgáfu markaskráa 1988 og eftirleiðis skal Búnaðarfélag Íslands hafa umsjón og eftirlit með útgáfu allra markaskráa í landinu og samræma gerð þeirra.

9. gr.

Gerð markaskráa.

- 9.1. Við gerð markaskráa skal fylgja eftirfarandi reglum:
- 9.1.1. Brotið skal vera sem næst 11—11 1/2 cm á breidd og 19—20 cm á hæð.
- 9.1.2. Hverri síðu skal skipt í dálka, er liggja þvert á kjöl:
1. dálkur fyrir tölu marksins
 2. dálkur fyrir mark á hægri eyra
 3. dálkur fyrir mark á vinstra eyra
 4. dálkur fyrir brennimark
 5. dálkur fyrir nafn og heimili markeiganda
 6. dálkur fyrir númer bæjar, sýslutákn og númer sveitarfélags.
- 9.1.3. Skylt er að nota sömu heiti marka í markaskráum um land allt og raða þeim þannig í stafrófsröð í öllum markaskráum: Fyrst skal raða mörkum, sem aðeins eru á vinstra eyra og nota heitið „Alheilt hægri“ eða punktaröð í dálki fyrir mark á hægri eyra. Á mörkuðu eyra skal fyrst lýst yfirmarki, síðan undirbenjum niður eftir eyranu að framan og því næst á sama hátt aftan á eyra.

10. gr.

Sammerkingar á sauðfé.

- 10.1. Það telst vera sammerking, þegar tveir eða fleiri markeigendur eiga sama mark.
- 10.2. Sammerking er óheimil innan fjallskilaumdæmis. Óheimilt er að taka upp nýjar sammerkingar innan þess og niður skulu felldar núverandi sammerkingar um leið og annar hvor markeigandi slíks marks lætur af fjáreign. Ef kind er með vafamarki eða sammerkingu við mark fjáreiganda í öðru varnarhólfi, skal henni skilyrðislaust slátrað.

- 10.3. Reglur um bann við sammerkingum milli fjallskilaumdæma eru:
- 10.3.1. **Árnessýsla.** Bannaðar eru sammerkingar við Kjalarnesþing, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Húnavatnssýslur og Skagafjarðarsýslu vestan Héraðsvatna. Þó má hafa sammerkt við hreppa norðan Vatnsneslínu í Vestur-Húnavatnssýslu. Í Árnessýslu austan Hvítár má ekki vera sammerkt við Akrahrepp, Eyjafjarðarsýslu sunnan Hörgár eða þau svæði Suður-Þingeyjarsýslu, sem afrétti eiga eða nota sunnan byggða. Bannaðar eru sammerkingar við Rangárvallasýslu vestan Markarfljóts. Austan Hvítár má ekki vera sammerkt við Skaftártunguhrepp og Álftavershrepp í Vestur-Skaftafellssýslu.
- 10.3.2. **Gullbringu- og Kjósarsýsla (Kjalarnesþing).** Bannaðar eru sammerkingar við Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu og Árnessýslu.
- 10.3.3. **Borgarfjarðarsýsla.** Bannaðar eru sammerkingar við Mýrasýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu austan Snæfellsneslínu. Nyrðra varnarhólf í Borgarfirði má ekki hafa sammerkt við Dalasýslu sunnan Hvammsfjarðarlínu, Strandasýslu sunnan sömu línu og við Húnavatnssýslur og Skagafjarðarsýslu vestan Héraðsvatna. Bannaðar eru sammerkingar við Árnessýslu og við Kjalarnesþing.
- 10.3.4. **Mýrasýsla.** Bannaðar eru sammerkingar við Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Strandasýslu sunnan Gilsfjarðarlínu, Húnavatnssýslur og Skagafjarðarsýslu vestan Héraðsvatna, Árnessýslu, Kjalarnesþing og Borgarfjarðarsýslu. Heimilt er þó að halda þeim sammerkingum, sem nú eru í Mýrasýslu vestan Stafholtstungnahrepps við svæðið á milli Blöndu og Héraðsvatna, norðan Bólstaðarhlíðarhrepps, Seyluhrepps og Eyhildarholts í Rípurhreppi.
- 10.3.5. **Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.** Bannaðar eru sammerkingar við Dalasýslu, Strandasýslu sunnan Gilsfjarðarlínu og Mýrasýslu. Austan Snæfellsneslínu má ekki vera sammerkt við Borgarfjarðarsýslu.
- 10.3.6. **Dalasýsla.** Bannaðar eru sammerkingar við Austur-Barðastrandarsýslu austan Þorskafjarðarlínu og Strandasýslu sunnan sömu línu. Norðan Hvammsfjarðarlínu eru auk þess bannaðar sammerkingar við Austur-Barðastrandarsýslu milli Kollafjarðar- og Þorskafjarðarlína, Nauteyrarhrepp og Strandasýslu á milli Árneshrepps og Þorskafjarðarlínu, og Vestur-Húnavatnssýslu í Miðfjarðarhólfi. Einnig eru bannaðar sammerkingar við Mýrasýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Sunnan Hvammsfjarðarlínu er að auki bannað að hafa sammerkt við Húnavatnssýslur vestan Blöndu og nyrðra varnarhólf í Borgarfirði, Mýrasýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Þó má hafa sammerkt við hreppa norðan Vatnsneslínu í Vestur-Húnavatnssýslu. Um Kleifar í Dalasýslu gilda sömu reglur og væri jörðin í Austur-Barðastrandarsýslu.
- 10.3.7. **Barðastrandarsýslur, Ísafjarðarsýslur og Strandasýsla.** Bannaðar eru sammerkingar á Vestfjarðakjálka, þ.e. norðan Gilsfjarðarlínu. Í Austur-Barðastrandarsýslu á milli Kollafjarðar- og Þorskafjarðarlína, í Nauteyrarhreppi, og í Strandasýslu á milli Árneshrepps og Þorskafjarðarlínu má ekki vera sammerkt við Dalasýslu og Strandasýslu norðan Hvammsfjarðarlínu. Sunnan Þorskafjarðarlínu má ekki vera sammerkt við Dala- og Strandasýslu sunnan Hvammsfjarðarlínu. Í Strandasýslu á milli Gilsfjarðarlínu og Hvammsfjarðarlínu má ekki vera sammerkt við Vestur-Húnavatnssýslu í Miðfjarðarhólfi, Mýrasýslu og Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Strandasýslubæir í Miðfjarðarhólfi mega auk þess ekki hafa sammerkt við Húnavatnssýslur eða Skagafjarðarsýslu vestan Héraðsvatna og við nyrðra varnarhólf í Borgarfjarðarsýslu eða Mýrasýslu.

- 10.3.8. **Vestur-Húnavatnssýsla.** Bannaðar eru sammerkingar við Skagafjarðarsýslu vestan Héraðsvatna, Árnessýslu, nyrðra varnarhólf í Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu og Dala- og Strandasýslu sunnan Hvammsfjarðarlínu. Norðan Vatnsneslínu má þó vera sammerkt við Árnes- og Dalasýslur. Vestan Miðfjarðarlínu má ekki vera sammerkt við Dala- og Strandasýslu sunnan Gilsfjarðarlínu. Þorkelshólshreppur má ekki hafa sammerkt við Akrahrepp.
- 10.3.9. **Austur-Húnavatnssýsla.** Bannaðar eru sammerkingar við Skagafjarðarsýslu vestan Héraðsvatna og Akrahrepp. Austan Blöndu má ekki vera sammerkt við Viðvíkurhrepp. Í Bólstaðarhlíðarhreppi má ekki vera sammerkt við Eyjafjarðarsýslu sunnan Hörgár eða Ása- og Djúpárhrepp í Rangárvallasýslu. Einnig eru bannaðar sammerkingar við Árnessýslu, nyrðra varnarhólf í Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu og Dala- og Strandasýslu sunnan Hvammsfjarðarlínu. Sammerkt má þó vera í hreppum austan Blöndu, við Dalasýslu sunnan Hvammsfjarðarlínu.
- 10.3.10. **Skagafjarðarsýsla.** Bannaðar eru sammerkingar við Eyjafjarðarsýslu. Lýtingsstaðahreppur, Seyluhreppur, Eyhildarholt í Rípurhreppi og Akrahreppur mega ekki hafa sammerkt við Suður-Pingeyjarsýslu vestan Skjálfafljóts. Ennfremur má Akrahreppur ekki hafa sammerkt við Skútustaðahrepp og Bárðdælahrepp austan Skjálfafljóts eða þau svæði Suður-Pingeyjarsýslu sem eiga eða nota afrétti sunnan byggða. Akrahreppur, Lýtingsstaðahreppur, Seyluhreppur og Eyhildarholt í Rípurhreppi mega ekki hafa sammerkt við Ása- og Djúpárhrepp í Rangárvallasýslu. Hrepparnir vestan Héraðsvatna mega ekki hafa sammerkt við Árnessýslu, nyrðra varnarhólf í Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Strandasýslu sunnan Hvammsfjarðarlínu og Húnavatnssýslur. Hrepparnir norðan Seyluhrepps, nema Eyhildarholt, mega þó hafa sammerkt við Árnessýslu vestan Ölfusár og Sogs og Mýrasýslu vestan Stafholtstungnahrepps. Í Akrahreppi og Viðvíkurhreppi má ekki vera sammerkt við Austur-Húnavatnssýslu austan Blöndu og Akrahreppur má ekki hafa sammerkt við Þorkelshólshrepp. Um Skatastaði og Stokkhólma í Akrahreppi gilda hvarvetna sömu reglur og væru þeir í Lýtingsstaðahreppi.
- 10.3.11. **Eyjafjarðarsýsla og Siglufjörður.** Bannaðar eru sammerkingar við Skagafjarðarsýslu, Suður-Pingeyjarsýslu og Kelduneshrepp. Þó má vera sammerkt norðan Hörgár við svæðið austan Skjálfafljóts. Sunnan Hörgár eru bannaðar sammerkingar við Bólstaðarhlíðarhrepp, Árnessýslu austan Hvítár og við Ása- og Djúpárhrepp í Rangárvallasýslu. Um Siglufjörð gilda sömu reglur og Eyjafjarðarsýslu norðan Hörgár.
- 10.3.12. **Suður-Pingeyjarsýsla og Kelduneshreppur.** Bannaðar eru sammerkingar í Pingeyjarsýslum. Skútustaðahreppur og Bárðdælahreppur austan Skjálfafljóts mega ekki hafa sammerkt við Norður-Múlasýslu norðan Lagarfljóts eða Fljótsdalshrepp. Svæðið á milli Skjálfafljóts og Jökulsár á Fjöllum norðan Skútustaðahrepps og Bárðdælahrepps má ekki hafa sammerkt við Norður-Múlasýslu norðan Jökulsár á Brú. Bannaðar eru sammerkingar þeirra svæða í Suður-Pingeyjarsýslu sem eiga eða nota afrétti sunnan byggða í sýslunni, við Árnessýslu austan Hvítár, Ása- og Djúpárhrepp í Rangárvallasýslu og Akrahrepp í Skagafjarðarsýslu. Bannaðar eru sammerkingar við Eyjafjarðarsýslu norðan Hörgár. Austan Skjálfafljóts má þó vera sammerkt við Eyjafjarðarsýslu norðan Hörgár.
- 10.3.13. **Norður-Pingeyjarsýsla austan Jökulsár.** Bannaðar eru sammerkingar í Pingeyjarsýslum og við Norður-Múlasýslu norðan Lagarfljóts og Fljótsdalshrepp.

- 10.3.14. **Múlasýslur.** Bannaðar eru sammerkingar í Múlasýslum. Þó má Suður-Múlasýsla hafa sammerkt við Vopnafjarðarhrepp og Skeggjastaðahrepp í Norður-Múlasýslu. Sunnan Jökulsár á Brú má ekki vera sammerkt við Austur-Skaftafellssýslu austan Kolgrímu. Fljótisdalshreppur og svæðið á milli Jökulsár á Brú og Lagarfljóts má ekki hafa sammerkt við Skútustaðahrepp og Bárðdælahrepp austan Skjálfafljóts eða Norður-Pingeyjarsýslu, að undanskildum Kelduneshreppi. Norður-Múlasýsla norðan Jökulsár á Brú má ekki hafa sammerkt við þau svæði Suður-Pingeyjarsýslu, sem rétt hafa til að nota afrétti sunnan byggða eða Norður-Pingeyjarsýslu.
- 10.3.15. **Austur-Skaftafellssýsla.** Bannaðar eru sammerkingar austan Kolgrímu við Múlasýslur sunnan Jökulsár á Brú. Hofshreppur má ekki hafa sammerkt við Vestur-Skaftafellssýslu austan Mýrdalssands.
- 10.3.16. **Vestur-Skaftafellssýsla.** Bannaðar eru sammerkingar við Rangárvallasýslu. Álftafers- og Skaftártunguhreppar mega ekki hafa sammerkt við Árnassýslu austan Hvítár. Bannaðar eru sammerkingar austan Mýrdalssands við Hofshrepp í Austur-Skaftafellssýslu.
- 10.3.17. **Rangárvallasýsla.** Bannaðar eru sammerkingar vestan Markarfljóts við Árnassýslu austan Ölfusár og Sogs. Ása- og Djúpárhreppur mega ekki hafa sammerkt við Bólstaðarhlíðarhrepp í Austur-Húnavatnssýslu, Seylu- og Lýtingsstaðahrepp, Eyhildarholt í Rípurhreppi og Akrahrepp í Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu sunnan Hörgár og við þau svæði í Suður-Pingeyjarsýslu sem eiga eða nota afrétti sunnan byggða. Bannaðar eru sammerkingar við Vestur-Skaftafellssýslu.
- 10.3.18. **Vestmannaeyjar.** Bannaðar eru sammerkingar milli fjáreigenda í Vestmannaeyjum.
- 10.4. Áður en markaskrár verða gefnar út árið 1988 skulu markaverðir vinna sameiginlega að útrýmingu óleyfilegra sammerkinga. Búnaðarfélag Íslands veitir markavörðum upplýsingar um sammerkingar, þegar tölvuskráningu allra marka er lokið. Hver markavörður skal skrá aldur og flokk þeirra marka sem kunna að falla niður vegna sammerkingar samkvæmt ákvæðum 10.3. Jafnframt skal hann tilkynna markavörðum aðliggjandi fjallskilaumdæma um þau mörk sem hann hefur skráð þannig.
- 10.5. Markaverðir skulu halda með sér fundi svo oft sem þurfa þykir, þar sem ákvörðun er tekin á grundvelli a-liðar 4. mgr. 68. gr. afréttalaga nr. 6 21. mars 1986, um hvaða markeigandi missir mark sitt vegna sammerkingar, enda hafi hlutadeigandi aðilum áður verið gefinn kostur á að lýsa skriflega viðhorfum sínum um málið. Niðurstöðu slíkra funda skal tilkynna viðkomandi markeigendum skriflega án tafar, auk þess sem þær skulu færðar til bókar. Verði ekki leyst úr ágreiningi um hver halda skuli marki á grundvelli reglna a-liðar 4. mgr. 68. gr. afréttalaga eða markaverðir verða ekki sammála um úrlausn máls, skal vísa málinu til úrskurðar markanefndar.
- 10.6. Markaverðir skulu einnig fyrirbyggja sammerkingar við upptöku nýrra marka eða flutning marka á milli fjallskilaumdæma.
- 10.7. Nú leggur markeigandi niður fjármark sitt til að útrýma sammerkingu, en á erfitt með eða getur ekki markað fjárstofn sinn undir hið nýja mark sitt, er markaverði þá heimilt að láta prenta hið aflagða mark einu sinni í markaskrá umdæmisins, en þó því aðeins að það sé með skáletri og tekið fram í formála viðkomandi markaskrár, að slík mörk séu aðeins á fullorðnu fé og óheimilt að nota þau á lömb. Skytt er hlutadeigandi fjáreiganda að merkja með litarkerki allt fé sem ber hið aflagða mark.

- 10.8. Sammerkingar á hugsanlegum samgöngusvæðum búfjár skulu merkt með skammstöfunum aftast í þriðja dálki í markaskrá. Skammstafanir skulu vera sem hér segir: Á = Árnessýsla, GK = Gullbringu- og Kjósarsýsla, B = Borgarfjarðarsýsla, M = Mýrasýsla, SH = Snæfellsness- og Hnappadalssýsla, D = Dalasýsla, AB = Austur-Barðastrandarsýsla, VB = Vestur-Barðastrandarsýsla, VÍ = Vestur-Ísafjarðarsýsla, NÍ = Norður-Ísafjarðarsýsla, ST = Strandasýsla, VH = Vestur-Húnavatnsýsla, AH = Austur-Húnavatnssýsla, S = Skagafjarðarsýsla, E = Eyjafjarðarsýsla og Siglufjörður, SP = Suður-Þingeyjarsýsla, NP = Norður-Þingeyjarsýsla, NM = Norður-Múlasýsla, SM = Suður-Múlasýsla, AS = Austur-Skaftafellssýsla, VS = Vestur-Skaftafellssýsla, R = Rangárvallasýsla og V = Vestmannaeyjar.

11. gr.

Markanefnd.

- 11.1. Markanefnd skal fylgjast með framkvæmd laga, reglugerða og fjallskilasamþykktá um mörk og markaskrár og vera þeim til ráðuneytis sem um þau mál fjalla. Þá skal markanefnd fylgjast með og aðstoða Búnaðarfélag Íslands við tölvuskráningu allra marka í landinu, samkvæmt ákvæðum 8.4.
- 11.2. Markanefnd úrskurðar um ágreining sem rísa kann vegna ákvörðunar markavarðar eða fundar markavarða um skráningu á marki, synjun skráningar eða niðurfellingu marks vegna sammerkinga. Skal nefndin í því efni fylgja ákvæðum 68. gr. afréttalaga.

12. gr.

Refsiákvæði og gildistaka.

- 12.1. Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 70. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o. fl., nr. 6 21. mars 1986.
- 12.2. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í IX. kafla laga nr. 6 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o. fl. og 45. gr. laga nr. 23 10. mars 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjárjúkdóma og útrýmingu þeirra, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 421 24. nóvember 1978 um sama efni og reglugerð nr. 113 8. apríl 1968 um litarmerkingu búfjár.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. apríl 1987.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

Viðauki I:

1. Litarmerkingu búfjár með varanlegum litum skal haga eftir búsetu sem hér segir:
- | | Varnarsvæði: | Litur: | Takmörk svæðis (varnarlínur): |
|-------|---------------------------|-----------------|---|
| 1.1. | Landnámshólf. | Svartur. | Sogsína; Ölfusá og Sog í Þingvallavatn. Bláskógalína; úr Þingvallavatni í Hvalfjarðarlínu. Hvalfjarðarlína; úr Hvalfirði í Þórisjökul. |
| 1.2. | Borgarfjarðarhólf syðra. | Gulur. | Hvalfjarðarlína; úr Hvalfirði í Þórisjökul. Andakílsína; frá Andakíl í Skorradalsvatn og Reyðarvatn í Hvalfjarðarlínu. |
| 1.3. | Borgarfjarðarhólf nyrðra. | Hvítur. | Andakílsína; frá Andakíl í Skorradalsvatn og Reyðarvatn í Hvalfjarðarlínu. Hvalfjarðarlína; úr Hvalfirði í Þórisjökul. Hvítá í Borgarfirði frá Bjarnastöðum. Hvítársíðulína; úr Hvítá við Bjarnastaði í Kvíslavötn. Tvídægrolína; um Kvíslavötn og Arnarvatn í Langjökul. |
| 1.4. | Mýrahólf. | Appelsínugulur. | Hvítá í Borgarfirði frá Bjarnastöðum. Hvítársíðulína úr Hvítá við Bjarnastaði í Kvíslavötn. Tvídægrolína. Dalalína nálægt suðurmörkum Dalasýslu. Hítará. |
| 1.5. | Hnappadalshólf. | Bleikur. | Hítará. Dalalína nálægt suðurmörkum Dalasýslu. Snæfellsnessína úr Skógarnesi í Álfafjörð. |
| 1.6. | Snæfellsnesshólf. | Ljósblár. | Snæfellsnes utan Snæfellsnesslínu úr Skógarnesi í Álfafjörð. |
| 1.7. | Dalahólf syðra. | Sítrónugulur. | Dalalína nálægt suðurmörkum Dalasýslu. Tvídægrolína. Hvammsfjarðarlína úr Hvammsfirði við Kambsnes í Hrutafjörð. |
| 1.8. | Dalahólf nyrðra. | Svartur. | Hvammsfjarðarlína úr Hvammsfirði við Kambsnes í Hrutafjörð. Gilsfjarðarlína úr Gilsfirði í Bitrufjörð. |
| 1.9. | Steingrímsfjarðarhólf. | Ljósblár. | Gilsfjarðarlína úr Gilsfirði í Bitrufjörð. Þorskafjarðar- og Steingrímsfjarðarlína úr Þorskafirði í Steingrímsfjörð. |
| 1.10. | Reykjaneshólf. | Hvítur. | Þorskafjarðar- og Berufjarðarlína. |
| 1.11. | Mið-Vestfjarðahólf. | Gulur. | Þorskafjarðar- og Steingrímsfjarðarlína úr Þorskafirði í Steingrímsfjörð. Kollafjarðarlína úr Kollafirði í Ísafjarðarbotn. |
| 1.12. | Vestfjarðahólf. | Grænn. | Kollafjarðarlína úr Kollafirði í Ísafjarðarbotn. Rauðasandsína úr Stálfjalli um Skarðabrúin í Ósafjörð. Suðurfjarðarlína úr Rauðasandslínu á Kleifaheiði í Trostansfjörð. |
| 1.13. | Rauðsandshólf. | Fjólublár. | Rauðasandsína úr Stálfjalli um Skarðabrúin í Ósafjörð. |
| 1.14. | Arnarfjarðarhólf. | Hvítur. | Suðurfjarðarlína úr Rauðasandslínu á Kleifaheiði í Trostansfjörð. |

- 1.15. Miðfjarðarhólf. Grænn. Tvídægrulína úr Hvammsfjarðarlínu við Skeggöxl um Kvíslavötn og Arnarvatn í Langjökul. Miðfjarðarlína úr Miðfirði í Arnarvatn.
- 1.16. Vatnsneshólf. Fjólublár. Vatnsneslína úr Miðfjarðarvatni í Síðukrök við Víðidalsá. Miðfjarðarlína úr Miðfirði í Miðfjarðarvatn.
- 1.17. Húnahólf. Brúnn. Tvídægrulína um Kvíslavötn og Arnarvatn í Langjökul. Miðfjarðarlína úr Miðfjarðarvatni í Arnarvatn. Vatnsneslína úr Miðfjarðarvatni í Síðukrök við Víðidalsá. Kjalarlína á milli Langjökuls og Hofsjökuls. Blanda.
- 1.18. Skagahólf. Bleikur. Blanda. Kjalarlína á milli Langjökuls og Hofsjökuls. Héraðsvötn og Jökulsá eystri.
- 1.19. Skagafjarðarhólf. Gulur. Héraðsvötn og Jökulsá eystri. Sýslumörk. Siglufjörður.
- 1.20. Eyjafjarðarhólf vestra. Dökkblár. Sýslumörk. Eyjafjarðargirðingar.
- 1.21. Eyjafjarðarhólf eystra. Appelsínugulur. Eyjafjarðargirðingar. Skjálfafljót.
- 1.22. Skjálfandahólf. Hvítur. Skjálfafljót. Jökulsá á Fjöllum.
- 1.23. Öxarfjarðarhólf. Grænn. Jökulsá á Fjöllum. Gæsafjallalína á norður-mörkum Skútustaðahrepps. Lagarfljót. Jökulsá á Dal. Sléttugirðing.
- 1.24. Sléttuhólf. Gulur. Melrakkaslétta norðan Sléttugirðingar.
- 1.25. Austurlandshólf. Ljósblár. Jökulsá á Dal. Lagarfljót. (Hamarsá í Hamarsfirði). Hornafjarðarlína.
- 1.26. Suðursveitarhólf. Svartur. Hornafjarðarlína. Breiðamerkursandslína.
- 1.27. Örafahólf. Hvítur. Breiðamerkursandslína. Skeiðarársandslína.
- 1.28. Síðuhólf. Bleikur. Skeiðarársandslína. Eldhraunslína úr Skaftá austan Eldvatns í Landgræðslugirðingu sunnan Þjóðveggar í Kúðafljót nálægt mörkum Leiðvallarhrepps og Skaftártunguhrepps. Hólmsárlína, Hólmsá og Kúðafljót.
- 1.29. Skaftártunguhólf. Fjólublár. Eldhraunslína úr Skaftá austan Eldvatns í landgræðslugirðingu sunnan Þjóðveggar í Kúðafljót nálægt mörkum Leiðvallarhrepps og Skaftártunguhrepps. Hólmsárlína, Hólmsá og Kúðafljót.
- 1.30. Álftavershólf. Bleikur. Hólmsárlína, Mýrdalssandslína úr Blautukvísl austan Hafurseyjar í Moldheiði.
- 1.31. Mýrdalshólf. Gulur. Mýrdalssandslína úr Blautukvísl austan Hafurseyjar í Moldheiði. Sólheimasandslína vestan Jökulsár á Sólheimasandi í Sólheimajökul.
- 1.32. Rangárvallahólf. Grænn. Rangárvallasýsla.
- 1.33. Árneshólf. Ljósblár. Þjórsá. Sogslína, Ölfusá og Sog í Þingvallavatn. Bláskógalína úr Þingvallavatni í Hvalfjarðarlínu. Kjalarlína á milli Langjökuls og Hofsjökuls. Hvalfjarðarlína úr Hvalfirði í Þórisjökul.

Litamerking búfjár á Íslandi
Svæðaskipting

Viðauki II:

Varnarsvæði:

1. Landnámshólf
2. Borgarfjarðarhólf suðra
3. Borgarfjarðarhólf nyrðra
4. Mýrahólf
5. Hnappadalshólf
6. Snæfellsnesshólf
7. Dalahólf suðra
8. Dalahólf nyrðra
9. Steingrímsfjarðarhólf
10. Reykjanesshólf
11. Mið-Vestfjarðarhólf
12. Vestfjarðarhólf
13. Rauðasandshólf
14. Amarfjarðarhólf
15. Miðfjarðarhólf
16. Vátneshólf
17. Húnahólf
18. Skagahólf
19. Skagafjarðarhólf
20. Eyjafjarðarhólf vestra
21. Eyjafjarðarhólf eystra
22. Skjálfarðarhólf
23. Óxarfjarðarhólf
24. Sléttuhólf
25. Austurlandshólf
26. Suðursveitarhólf
27. Örfælahólf
28. Síúhólf
29. Skaftárlunguhólf
30. Aftavershólf
31. Mýrdalshólf
32. Rangárvallahólf
33. Árnesshólf

